Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir hótél rúmlega 20 km austan við Kirkjubæjarklaustur, á jörðinni Orustustöðum í Skaftárhreppi. Deiliskipulagsvæðið er rúmlega 40 ha að stærð. Deiliskipulagið tekur einnig til aðkomuvegar sem liggur að hluta til í landi Hraunbóls/Sléttabóls og Fossjarðar. Um er að ræða endurauglýsingu.

Tillaga þessi mun liggja frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi, Klaustursvegi 10, Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is) frá 3. september 2015 til og með 16. október 2015. Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til og með föstudeginum 16. október 2015. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega til fulltrúa skipulags- og byggingarmála á skrifstofu Skaftárhrepps, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

**Vigfús Þór. Hróbjartsson**

fulltrúi á sviði skipulags- og byggingarmála,  
Skaftár- og Mýrdalshreppi.

(2015015500)

Útgáfud.: 3. september 2015

**Auglýsing um skuplag - Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Flóahreppur og Ásahreppur****Aðalskipulagsmál.**

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsverkefni:

1. Breyting á aðalskipulagi Biskuptstungnahrepps 2000-2012 í landi Brekku. Landbúnaðarsvæði breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Lýsing skipulagsverkefnis vegnar breytingar á aðalskipulagi sem felur í sér að um 7 ha svæði í landi brekku sem afmarkast af Vallá, Kóngsvegi og landamörkum við Efri-Reyki breytist úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð.

2. Breyting á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins á Laugarvatni. Færsla á göngustíg.

Lýsing skipulagsverkefnis vegnar breytingar á aðalskipulagi sem felur í sér að gönguleið sem liggur meðfram vatni í gegnum lóðina Hverabraut 1 (Fontana) er færð frá vatni og að Hverabraut. Þá er gert ráð fyrir að núverandi kvöð um aðgengi meðfram vatni í gegnum lóðina verði felld út.

3. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á lögbýlinu Hraunvellir. Nýtt svæði fyrir verslun- og þjónustu.

Lýsing skipulagsverkefnis vegnar breytingar á

aðalskipulagi sem felur í sér að afmarkað er svæði fyrir verslun- og þjónustu á lögbýlinu Hraunvellir þar sem fyrirhuguð er uppbygging gistipjónustu fyrir ferðamenn.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:

4. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018, í fyrrum Villingaholtshreppi, á spildu úr Skálmholti. Landbúnaðarsvæði í stað frístundabyggðar.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felst í að hluti af svæði fyrir frístundabyggð úr landi Skálmholts, merkt F15, breytist í landbúnaðarsvæði. Um er að ræða 8 ha svæði og er breytingin gerð þar sem fyrirhuguð er að stofna lögbýli á spildunni. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

5. Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 vegna færslu Hvammsvegar.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem felur í sér færslu Hvammsvegar á um 500 m kafla á svæði milli Högnastaða og Hvamms.

6. Breyting á aðalskipulagi Þingvallasveitar 2004-2016 í Bláskógabyggð, Brennimelslína 1. Færsla á háspennulínulínu og stækkun 2003-2015 vegna færslu Hvammsvegar.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Brennimelslínu 1. Mistök urðu við gerð gildandi aðalskipulags á þann veg að ekki var gerð grein fyrir núverandi 200 kV háspennulínu sem liggur um vesturjaðar sveitarfélagsins á um 1,8 km kafla. Í breytingunni er verið að afmarka háspennulínuna inn á uppdrátt auk þess sem heimilt verður að endurbyggja hana samhliða þeirri núverandi og auk spennu hennar í 400 kV. Eldri lína verður fjarlægð eftir endurbyggingu.

**Deiliskipulagsmál.**

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

7. Deiliskipulag fyrir Alifuglabú á jörðinni Vatnsvendi í Flóahreppi.

Lögð fram til kynningar lýsing skipulagsverkefnis vegna deiliskipulags fyrir nýtt alifuglabú í landi Vatnsenda norðan megin við Villingaholtssveg nr. 305. Gert er ráð fyrir að byggð verði 6 alifuglahús fyrir allt að 80 þúsund kjúklinga.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

8. Deiliskipulag fyrir Búrfellsvirkjun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi fyrir Búrfellsvirkjun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, ásamt umhverfisskýrslu. Í tillögunni er gert ráð fyrir framkvæmdum við stækkun virkjunarinnar auk þess sem verið er að setja ramma utan um þau mannvirki sem þegar eru til staðar á svæðinu. Skipulagssvæðið er um 1.500 ha og nær yfir núverandi stöðvarhús,

starfsmanna- og þjónustuhús, hesthús, golfvöll, tengivirki og Bjarnalón, sem er miðlunarlón virkjunarinnar. Skilgreindar eru námur og haugsvæði, núverandi og nýir vegir, byggingareitir fyrir vinnubúðir, veitu og stöðvarmannvirki. Einnig er gert ráð fyrir lóð fyrir létta iðnað, t.d. verkstæði, smiðju eða gagnaver en sú framkvæmd er ekki háð stækkun virkjunar. Gert er ráð fyrir að vatn verði tekið úr inntakslóni Búrfellsvirkjunar og leitt um aðrennslisskurð fram á brún Samsstaðaklifs að stöðvarinntaki. Þaðan verða göng að neðanjarðarstöðvarhúsi og frárennslisgöng og frárennslisskurður frá stöðvarhúsi út í Fossá.

*9. Deiliskipulag fyrir 22,7 ha spildu sem kallast Hrótur 2 úr landi Hróthaga í Ásahreppi.*

Lögð fram tillaga deiliskipulags fyrir 22,7 ha spildu úr landi Hróthaga og liggur upp að Bugavegi. Ný spilda kallast Hrótur 2 og er fyrirhugað að byggja þar íbúðarhús, gestahús og útihús á tveimur afmörkuðum byggingarreitum.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

*10. Deiliskipulag fyrir lögbýlið Urðarlaut úr landi Skálmholts í Flóahreppi.*

Tillaga að deiliskipulagi um 8 ha lögbýlis á spildu úr landi Skálmholts í Flóahreppi sem kallast mun Urðarlaut. Svæðið liggur við aðkomuveg að Skálmholtshrauni og samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að þar verði heimilt að reisa allt að 360 fm íbúðarhús og bílageymslu og allt að 600 fm fjölnota skemmu. Á landinu stendur tæplega 37 fm sumarhús og 22 fm gestahús og verður heimilt að stækka þessar byggingar í 170 fm. Er tillagan í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.sbf.is>.

Skipulagstillögur nr. 1-3 og 7-9 eru í kynningu frá 3. til 24. september 2015 en tillögur nr. 4 - 6 og 10 frá 3. september til 16. október 2015. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1-3 og 7-9 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 24. september 2014 en 16. október fyrir tillögur nr. 4 - 6 og 10. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**  
skipulagsfulltrúi.

( 2015015501

Útgáfud.: 4. september 2015

**Auglýsing um skipulag - Skútustaðahreppur**

*Aðal- og deiliskipulag hótellóðar í landi Grímsstaða í Skútustaðahreppi.*

*Tillaga að deiliskipulagi:*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 24. júní s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi hótellóðar í landi Grímsstaða í Skútustaðahreppi, rétt norðan Mývatns. Deiliskipulagssvæðið er um 10 ha að stærð. Í fyrirhuguðu hóteli er gert ráð fyrir 91 gistiherbergi auk 10-15 herbergja fyrir starfsfólk. Áætluð heildarstærð bygginga er allt að 5000 m<sup>2</sup> á allt að þremur hæðum. Megin markmið deiliskipulagstillögunnar er að setja fram stefnumörkun um uppbyggingu hótels, byggingarreit, húsagerð, aðkomu, bílastæði o.fl. og lögð er áhersla á að framkvæmdin verði gerð í sátt við umhverfið og fylgi reglugerð um verndun Mývatns og Laxár. Umhverfisskýrsla fylgir deiliskipulagstillögunni.

*Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023:*

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 24. júní s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til samræmis við ofangreinda deiliskipulagstillögu. Breytingartillögurnar varða reit 363-V, verslunar- og þjónustureit og felast í því að heimilt verður að byggja allt að þriggja hæða byggingar í stað tveggja og leyfileg heildarstærð verði allt að 5.000 m<sup>2</sup>.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 4. september til og með föstudeginum 16. október 2015. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: [www.myv.is](http://www.myv.is).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 16. október 2015. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast þeim samþykkir.

**Bjarni Reykjalín**

skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

( 2015015514

Útgáfud.: 2. september 2015

**Hlutafélagaskrá – nýskráning**

*Félagið heitir: Cambridge Plaza Hotel Company ehf.*

*Kt.: 590815-0980.*

*Heimili og varnarþing: Bárugötu 4, 101 Reykjavík.*

*Dagsetning samþykktar er: 6. ágúst 2015.*

*Stofnendur: Cambridge Plaza Port Compan ehf., kt. 590815-0710, Bárugötu 4, 101 Reykjavík.*

*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 6. ágúst 2015.*

Formaður stjórnar: Stefán Árni Auðólfsson, kt. 210772-4729, Silungakvísl 8, 110 Reykjavík. Meðstjórnandi: Haraldur Flosi Tryggvason, kt. 291166-4079, Hvassaleiti 99, 103 Reykjavík.

*Firmað ritar: Stjórnarmaður.*

*Prókúruumboð:* Stefán Árni Auðólfsson, Haraldur Flosi Tryggvason.

*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er kaup, eignarhald og rekstur hótela; kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, hluti í félögum, önnur verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.

*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

(2015015252)

Útgáfud.: 7. september 2015

## Stefna - til greiðslu skuldar

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Orkuveita Reykjavíkur - vatns og fráveita sf., kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

*Stefndi:* Malgorzata Anna Chachaj, kt. 250976-2329, Pólland og Krystian Golik, kt. 071272-2229, Póllandi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 54.665, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 6.081 frá 3. febrúar 2014 til 3. mars 2014, af kr. 12.154 frá 3. mars 2014 til 2. apríl 2014, af kr. 18.227 frá 2. apríl 2014 til 2. maí 2014, af kr. 24.300 frá 2. maí 2014 til 2. júní 2014, af kr. 30.373 frá 2. júní 2014 til 2. júlí 2014, af kr. 36.446 frá 2. júlí 2014 til 5. ágúst 2014, af kr. 42.519 frá 5. ágúst 2014 til 2. september 2014, af kr. 48.592 frá 2. september 2014 til 2. október 2014, af kr. 54.665 frá 2. október 2014 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefndu í fasteigninni Langholtsvegi 19, Reykjavík, fnr. 201-8041.

Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á framlögðum álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda fyrir árið 2014 auk tilkynningar og greiðslugjalds sem leggjast ofan á mánaðarlega greiðslu samkvæmt verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur vegna þjónustugjalda. Krafan sundurliðast svo:

| Nr. | Útgáfudagur     | Gjalddagi       | Fjárhæð kr. |
|-----|-----------------|-----------------|-------------|
| 1   | 3. febrúar 2014 | 3. febrúar 2014 | 5.989       |
| 2   | 3. febrúar 2014 | 3. febrúar 2014 | 92          |

|    |                   |                   |       |
|----|-------------------|-------------------|-------|
| 3  | 3. mars 2014      | 3. mars 2014      | 5.981 |
| 4  | 3. mars 2014      | 3. mars 2014      | 92    |
| 5  | 2. apríl 2014     | 2. apríl 2014     | 5.981 |
| 6  | 2. apríl 2014     | 2. apríl 2014     | 92    |
| 7  | 2. maí 2014       | 2. maí 2014       | 5.981 |
| 8  | 2. maí 2014       | 2. maí 2014       | 92    |
| 9  | 2. júní 2014      | 2. júní 2014      | 5.981 |
| 10 | 2. júní 2014      | 2. júní 2014      | 92    |
| 11 | 2. júlí 2014      | 2. júlí 2014      | 5.981 |
| 12 | 2. júlí 2014      | 2. júlí 2014      | 92    |
| 13 | 5. ágúst 2014     | 5. ágúst 2014     | 5.981 |
| 14 | 5. ágúst 2014     | 5. ágúst 2014     | 92    |
| 15 | 2. september 2014 | 2. september 2014 | 5.981 |
| 16 | 2. september 2014 | 2. september 2014 | 92    |
| 17 | 2. október 2014   | 2. október 2014   | 5.981 |
| 18 | 2. október 2014   | 2. október 2014   | 92    |

Samtals kr. 54.665 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda á fasteign stefnda að Langholtsvegi 19, Reykjavík, fnr. 201-8041. Um er að ræða vatns- og fráveitugjöld fyrir árið 2014 auk tilkynningar og greiðslugjalds sem leggst ofan á mánaðarlega greiðslu samkvæmt verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur vegna þjónustugjalda. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Stefndu hafa ekki skráð lögheimili á Íslandi skv. Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefndu til þess að birta fyrir þeim greiðsluáskorun. Á stefnandi því ekki annarra kosta vól en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Stefndi byggir kröfu sína á meginreglum samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, einkum 6. og 9. gr. og lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, einkum 14.-16. gr. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefndi á 9. gr. laga nr. 32/2004 og 16. gr. laga nr. 9/2009. Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefndi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefndi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðlar vatns- og fráveitugjalda, gjaldstöður vatns-

og fráveitugjalda, afrit af innheimtuviðvörðun, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr Þjóðskrá, tölvupóstur frá starfsmanni utanríkisráðuneytisins, verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikning.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómshúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, Reykjavík, þann 15. október 2015, kl. 10.00, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 27. ágúst 2015.  
F. h. stefnanda,  
**Anna Svava Þórðardóttir hdl.**

( 2015015649

Útgáfud.: 7. september 2015

## Stefna - til greiðslu skuldar

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Orkuveita Reykjavíkur - vatns og fráveita sf. , kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

*Stefndi:* Marcin Wasilczuk, kt. 040380-2059, Póllandi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 58.146, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 6.466 frá 3. febrúar 2014 til 3. mars 2014. af kr. 12.926 frá 3. mars 2014 til 2. apríl 2014. af kr. 19.386 frá 2. apríl 2014 til 2. maí 2014. af kr. 25.846 frá 2. maí 2014 til 2. júní 2014. af kr. 32.306 frá 2. júní 2014 til 2. júlí 2014. af kr. 38.766 frá 2. júlí 2014 til 5. ágúst 2014. af kr. 45.226 frá 5. ágúst 2014 til 2. september 2014. af kr. 51.686 frá 2. september 2014 til 2. október 2014. af kr. 58.146 frá 2. október 2014 til greiðsludags. Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefnda í fasteigninni Suðurrhólar 22, Reykjavík, fnr. 205-0922.

Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggst við höfuðstól á 12 mánaða fresti, auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á framlögðum álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda fyrir árið 2014 auk tilkynningar og greiðslugjalds sem leggjast ofan á mánaðarlega greiðslu samkvæmt verðskrá Orkuveitu

Reykjavíkur vegna þjónustugjalda.

Krafan sundurliðast svo:

| Nr. | Útgáfudagur       | Gjalddagi         | Fjárhæð kr. |
|-----|-------------------|-------------------|-------------|
| 1   | 3. febrúar 2014   | 3. febrúar 2014   | 6.374       |
| 2   | 3. febrúar 2014   | 3. febrúar 2014   | 92          |
| 3   | 3. mars 2014      | 3. mars 2014      | 6.368       |
| 4   | 3. mars 2014      | 3. mars 2014      | 92          |
| 5   | 2. apríl 2014     | 2. apríl 2014     | 6.368       |
| 6   | 2. apríl 2014     | 2. apríl 2014     | 92          |
| 7   | 2. maí 2014       | 2. maí 2014       | 6.368       |
| 8   | 2. maí 2014       | 2. maí 2014       | 92          |
| 9   | 2. júní 2014      | 2. júní 2014      | 6.368       |
| 10  | 2. júní 2014      | 2. júní 2014      | 92          |
| 11  | 2. júlí 2014      | 2. júlí 2014      | 6.368       |
| 12  | 2. júlí 2014      | 2. júlí 2014      | 92          |
| 13  | 5. ágúst 2014     | 5. ágúst 2014     | 6.368       |
| 17  | 5. ágúst 2014     | 5. ágúst 2014     | 92          |
| 15  | 2. september 2014 | 2. september 2014 | 6.368       |
| 16  | 2. september 2014 | 2. september 2014 | 92          |
| 17  | 2. október 2014   | 2. október 2014   | 6.368       |
| 18  | 2. október 2014   | 2. október 2014   | 92          |

Samtals kr.58.146 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda á fasteign stefnda að Suðurrhólum 22, Reykjavík, fnr. 205-0922. Um er að ræða vatns- og fráveitugjöld fyrir árið 2014 auk tilkynningar og greiðslugjalds sem leggst ofan á mánaðarlega greiðslu samkvæmt verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur vegna þjónustugjalda. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Stefndi hefur ekki skráð lögheimili á Íslandi skv. Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennsan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda til þess að birta fyrir honum greiðsluáskorun. Á stefnandi því ekki annarra kosta völ en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, einkum 6. og 9. gr. og lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, einkum 14.-16. gr. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefnandi á 9. gr. laga nr. 32/2004 og 16. gr. laga nr. 9/2009. Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari

breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðlar vatns- og fráveitugjalda, gjaldstöður vatns- og fráveitugjalda, afrit af innheimtuviðvörðun, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr Þjóðskrá, tölvupóstur frá starfsmanni utanríkisráðuneytisins, verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikning.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómshúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, Reykjavík, þann 15. október 2015, kl. 10.00, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfaranhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 27. ágúst 2015.

F. h. stefnanda,

**Anna Svava Þórðardóttir hdl.**

(2015015650)

Útgáfud.: 7. september 2015

## Stefna - til greiðslu skuldar

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Orkuveita Reykjavíkur - vatns og fráveita sf., kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

*Stefnda:* Hafsteina H. Sigurbjörnsdóttir, kt. 160376-5549, Kanada.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 20.460, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 6.820 frá 5. ágúst 2014 til 2. september 2014, af kr. 13.640 frá 2. september 2014 til 2. október 2014, af kr. 20.460 frá 2. október 2014 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefndu í fasteigninni Arahólum 6, Reykjavík, fnr. 204-9237.

Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á

álagningarseðli vatns- og fráveitugjalda fyrir árið 2014 auk tilkynningar og greiðslugjalds sem leggst ofan á mánaðarlega greiðslu samkvæmt verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur vegna þjónustugjalda.

Krafan sundurliðast svo:

| Nr. | Útgáfudagur       | Gjalddagi         | Fjárhæð |
|-----|-------------------|-------------------|---------|
| 1   | 5. ágúst 2014     | 5. ágúst 2014     | 6.728   |
| 2   | 5. ágúst 2014     | 5. ágúst 2014     | 92      |
| 3   | 2. september 2014 | 2. september 2014 | 6.728   |
| 4   | 2. september 2014 | 2. september 2014 | 92      |
| 5   | 2. október 2014   | 2. október 2014   | 6.728   |
| 6   | 2. október 2014   | 2. október 2014   | 92      |

Samtals kr. 20.460 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðli vatns- og fráveitugjalda á fasteign stefndu að Arahólum 6, Reykjavík, fnr. 204-9237. Um er að ræða vatns- og fráveitugjöld fyrir árið 2014 auk tilkynningar og greiðslugjalds sem leggst ofan á mánaðarlega greiðslu skv. verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur vegna þjónustugjalda. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna m. 9/2009. Stefnda hefur ekki skráð lögheimili á Íslandi skv. Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefndu til þess að birta fyrir henni greiðsluáskorun. Á stefnandi því ekki annarra kosta vól en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, einkum 6. og 9. gr. og lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, einkum 14.-16. gr. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefnandi á 9. gr. laga nr. 32/2004 og 16. gr. laga nr. 9/2009. Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðlar vatns- og fráveitugjalda, gjaldstöður vatns- og fráveitugjalda, afrit af innheimtuviðvörðun, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr Þjóðskrá, tölvupóstur frá starfsmanni Utanríkisráðuneytisins, verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikning.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða

koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómshúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, Reykjavík, þann 15. október 2015, kl. 10.00, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 27. ágúst 2015.  
F.h. stefnanda,  
**Anna Svava Þórðardóttir hdl.**

( 2015015651

Útgáfud.: 7. september 2015

### Stefna - til greiðslu skuldar

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík.

*Stefnda:* Hafsteina H. Sigurbjörnsdóttir, kt. 160376-5549, Kanada.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 38.423, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 5.489 frá 2. apríl 2014 til 3. maí 2014, af kr. 10.978 frá 3. maí 2014 til 1. júní 2014, af kr. 16.467 frá 1. júní 2014 til 2. júlí 2014, af kr. 21.956 frá 2. júlí 2014 til 2. ágúst 2014, af kr. 27.445 frá 2. ágúst 2014 til 1. september 2014, af kr. 32.934 frá 1. september 2014 til 4. október 2014, af kr. 38.423 frá 4. október 2014 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefndu í fasteigninni Arahólum 6, Reykjavík, fnr. 204-9237.

Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á framlögðum álagningarseðli fasteignagjalda fyrir árið 2014 og sundurliðast krafan svo:

| Nr. | Útgáfudagur        | Gjaldldagi        | Fjárhæð |
|-----|--------------------|-------------------|---------|
| 1   | 26. maí 2014       | 2. apríl 2014     | 5.489   |
| 2   | 26. júní 2014      | 3. maí 2014       | 5.489   |
| 3   | 25. júlí 2014      | 1. júní 2014      | 5.489   |
| 4   | 25. ágúst 2014     | 2. júlí 2014      | 5.489   |
| 5   | 25. september 2014 | 2. ágúst 2014     | 5.489   |
| 6   | 27. október 2014   | 1. september 2014 | 5.489   |
| 7   | 27. nóvember 2014  | 4. október 2014   | 5.489   |

Samtals kr. 38.423 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðli fasteignagjalda á fasteign stefndu að Arahólum 6, Reykjavík, fnr. 205-0922. Um er að ræða fasteignagjöld fyrir árið 2014. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefndu til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Stefnda hefur ekki skráð lögheimili á Íslandi skv. Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennsan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefndu til þess að birta henni greiðsluáskorun sbr. framlögð tölvupóstsamskipti við starfsmann Utanríkisráðuneytisins. Á stefnandi því ekki annarra kosta vöð en að birta stefnu þessa í Lögbirtingarblaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, einkum 7. gr. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefnandi á 7. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðil fasteignagjalda, afrit innheimtuviðvörunar, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr Þjóðskrá, tölvupóstsamskipti við starfsmann Utanríkisráðuneytisins, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikning.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómshúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, Reykjavík, þann 15. október 2015, kl. 10.00 og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 27. ágúst 2015.  
F. h. stefnanda,  
**Anna Svava Þórðardóttir hdl.**

( 2015015652

Útgáfud.: 7. september 2015

**Stefna - til greiðslu skuldar***Aðilar málsins eru:**Stefnandi:* Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík.*Stefndi:* Marcin Wasilczuk, kt. 040380-2059, Póllandi.*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir hdl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 51.960, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 5.870 frá 1. febrúar 2014 til 2. mars 2014, af kr. 11.738 frá 2. mars 2014 til 2. apríl 2014, af kr. 17.606 frá 2. apríl 2014 til 3. maí 2014, af kr. 23.474 frá 3. maí 2014 til 1. júní 2014, af kr. 29.342 frá 1. júní 2014 til 2. júlí 2014, af kr. 35.210 frá 2. júlí 2014 til 2. ágúst 2014, af kr. 40.793 frá 2. ágúst 2014 til 1. september 2014, af kr. 46.377 frá 1. september 2014 til 4. október 2014, af kr. 51.960 frá 4. október 2014 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefnda í fasteigninni Suðurhólar 22, Reykjavík, fnr. 205-0922.

Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á framlögðum álagningarseðlum fasteignagjalda fyrir árið 2014 og sundurliðast krafan svo:

| Nr. | Útgáfudagur        | Gjalddagi         | Fjárhæð kr. |
|-----|--------------------|-------------------|-------------|
| 1   | 27. mars 2014      | 1. febrúar 2014   | 5.870       |
| 2   | 28. apríl 2014     | 2. mars 2014      | 5.868       |
| 3   | 26. maí 2014       | 2. apríl 2014     | 5.868       |
| 4   | 26. júní 2014      | 3. maí 2014       | 5.868       |
| 5   | 25. júlí 2014      | 1. júní 2014      | 5.868       |
| 6   | 25. ágúst 2014     | 2. júlí 2014      | 5.868       |
| 7   | 25. september 2014 | 2. ágúst 2014     | 5.583       |
| 8   | 27. október 2014   | 1. september 2014 | 5.584       |
| 9   | 27. nóvember 2014  | 4. október 2014   | 5.583       |

Samtals gerir þetta kr. 51.960 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðlum fasteignagjalda á fasteign stefnda að Suðrhólum 22, Reykjavík, fnr. 205-0922. Um er að ræða fasteignagjöld fyrir árið 2014. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefnda til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Stefndi hefur ekki skráð lögheimili skv. Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda til þess að birta honum

greiðsluáskorun sbr. framlögð tölvupóstsamskipti við starfsmann Utanríkisráðuneytisins. Á stefnandi því ekki annarra kosta vól en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Stefndi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, einkum 7. gr. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefndi á 7. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefndi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðlar fasteignagjalda, afrit innheimtuviðvarana, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr Þjóðskrá, tölvupóstsamskipti við starfsmann Utanríkisráðuneytis, útprentun úr Lögbirtingarblaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikning.

*Áskorun og viðvör:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dóms húsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 15. október 2015, kl. 10.00 og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 27. ágúst 2015.

F. h. stefnanda,

**Anna Svava Þórðardóttir hdl.**

( 2015015653

Útgáfud.: 7. september 2015

**Stefna - til greiðslu skuldar***Aðilar málsins eru:**Stefnandi:* Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.*Stefndu:* Norbert Daniel Witecki, kt. 230479-2249, Pólland og Grazyna Witecka, kt. 190279-2279, Póllandi.*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Anna Svava Þórðardóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

**Dómkröfur:** Þess er krafist að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 23.815, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 7.837 frá 1. september 2013 til 1. september 2014, af kr. 23.815 frá 1. september 2014 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefndu í fasteigninni Þinghólsbraut 19-21b, Kópavogi, fnr. 206-6231.

Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

**Málsatvik og málsástæður:** Krafa stefnanda er byggð á tryggingaryfirliti v. brunatrygginga fyrir árin 2013 og 2014 og sundurliðast krafan svo:

| Nr. | Útgáfudagur       | Gjalddagi         | Fjárhæð |
|-----|-------------------|-------------------|---------|
| 1   | 1. september 2013 | 1. september 2013 | 7.837   |
| 2   | 1. september 2014 | 1. september 2014 | 15.978  |

Samtals 23.815 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er skv. tryggingaryfirlitum vegna brunatrygginga á fasteign stefndu að Þinghólsbraut 19-21b, Kópavogi, fnr. 206-6231. Um er að ræða iðgjöld vegna áranna 2013 og 2014. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefndu til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um brunatryggingar nr. 48/1994. Stefndu hafa ekki skráð lögheimili á Íslandi skv. Þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefndu til þess að birta þeim greiðsluáskorun sbr. framlögð tölvupóstsamskipti við starfsmann Utanríkisráðuneytisins. Á stefnandi því ekki annarra kosta völ en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

**Lagatilvísanir:** Stefndandi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar, einkum 7. gr. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefndandi á 7. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar. Kröfur um dráttarvexti, þmt. vaxtavexti, styður stefndandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

**Skjöl og sönnunargögn:** Við þingfestingu málsins mun stefndandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Yfirlit yfir brunatryggingar, afrit innheimtuviðvarana, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr Þjóðskrá, tölvupóstsamskipti við starfsmann Utanríkisráðuneytis, útprentun úr Lögbirtingarblaði því er stefna birtist í og málskostnaðarreikning.

**Áskorun og viðvörðun:** Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómshúsinu við Fjarðargötu 9, dómsal 1, Hafnarfirði, þann 21. október 2015, kl. 9.00, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 27. ágúst 2015.

F. h. stefnanda,

**Anna Svava Þórðardóttir** hdl.

( 2015015654

Útgáfud.: 7. september 2015

### Svipting fjárræðis

Með vísan til 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 tilkynnist að með úrskurði, uppkveðnum 1. september 2015 í héraðsdómi Reykjavíkur, var Ragnhildur Sigríður Ólafsdóttir, kt. 020223-2789, svipt fjárræði ótímabundið.

Reykjavík, 3. september 2015.

**Kolbrún Sævarsdóttir** héraðsdómari.

( 2015015639

Útgáfud.: 9. september 2015

### Svipting fjárræðis

Með vísan til 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 tilkynnist að með úrskurði, uppkveðnum 8. september 2015, var Ragnhildur Ásbjörnsdóttir, kt. 011249-2809, svipt fjárræði ótímabundið.

Reykjavík, 8. september 2015.

**Sandra Baldvinsdóttir** héraðsdómari.

( 2015015762

Útgáfud.: 10. september 2015

**Framhald uppboðs**

Uppboði á fasteigninni Ljárskógar 16, 205-5085, Reykjavík, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum, sem byrjaði 24. ágúst 2015, verður fram haldið á eigninni sjálfri fimmtudaginn 17. september 2015 kl. 11.00.

Með því að ekki er kunnugt um dvalarstað þinglýst eiganda að fasteigninni, Önnu Maríu Steindórsdóttur, kt. 260978-3309, sem átti síðast þekkt heimilisfang að Ljárskógum 16, Reykjavík, er þessi tilkynning gagnvart henni birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 4. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1991.

**Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu,**  
7. september 2015.

( 2015015769

Útgáfud.: 10. september 2015

**Fyrirkall - ákæra****Fyrirkall:**

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-00218/2015:

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

*Ákærði:* Aneta Slawek, verður tekið fyrir á dómþingi héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 22. október 2015, kl. 10.00.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 8. september 2015.

**Kristján Ó. Unnarsson** aðstoðarmaður dómara.

**Ákæra:**

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir héraðsdómi Suðurlands á hendur Agata Piotrowska, fd. 12. mars 1980, ríkisborgara Póllands með lögheimili í Póllandi, Elzbieta Jolanta Kruuszyna, fd. 10. október 1982, ríkisborgara Póllands með lögheimili í Póllandi, Aneta Slawek, fd. 17. júní 1977, ríkisborgara Póllands með lögheimili í Póllandi fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 5. maí 2015 í bifreiðinni YZ-K48 sem þá var ekið austur Suðurlandsveg austan við Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi, ekki notað öryggisbelti, en ákærðu voru farþegar í bifreiðinni þegar lögregla stöðvaði akstur bifreiðarinnar í umrætt sinn.

Teljast brot ákærðu varða við 1. mgr. 71. gr., sbr. 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdar til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi,  
2. júní 2015.

**Kjartan Þorkelsson** lögreglustjóri.

( 2015015768

Útgáfud.: 10. september 2015

**Fyrirkall - ákæra****Fyrirkall:**

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-00218/2015:

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

*Ákærði:* Elzbieta Jolanta Kruuszyna, verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 22. október 2015, kl. 10.00.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 8. september 2015.

**Kristján Ó. Unnarsson** aðstoðarmaður dómara.

**Ákæra:**

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Agata Piotrowska, fd. 12.03.1980, ríkisborgara Póllands með lögheimili í Póllandi, Elzbieta Jolanta Kruuszyna, fd. 10.10.1982, ríkisborgara Póllands með lögheimili í Póllandi, Aneta Slawek, fd. 17.06.1977, ríkisborgara Póllands með lögheimili í Póllandi fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 5. maí 2015 í bifreiðinni YZ-K48 sem þá var ekið austur Suðurlandsveg austan við Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi, ekki notað öryggisbelti, en ákærðu voru farþegar í bifreiðinni þegar lögregla stöðvaði akstur bifreiðarinnar í umrætt sinn.

Teljast brot ákærðu varða við 1. mgr. 71. gr., sbr. 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdar til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi,  
2. júní 2015.

**Kjartan Þorkelsson** lögreglustjóri.

( 2015015770

Lögbirtingablað,  
75. tölublað 2015.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

**Anna Birna Þráinsdóttir.**